

**Mál. 9. Búrfellsvirkjun 166701: Breyting á veglínu: Deiliskipulagsbreyting – 1802007**

Lögð fram umsókn Landsvirkjunar dags. 1. febrúar 2018 um breytingu á deiliskipulagi Búrfellsvirkjunar. Í breytingunni felst að að vegur í gegnum virkjanasvæðið og að Búrfellsskógi breytist. Meðfylgjandi eru umsagnir Hekluskóga, Landgræðslu ríkisins, Skógræktarinnar og Umhverfisstofnunar um fyrirhugaða veglínu. Þá liggur fyrir fornleifaskráning vegna deiliskipulagsins og skv. henni eru engar minjar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við deiliskipulagsbreytinguna og í ljósi fyrirbyggjandi umsagnar er mælt með að sveitarstjórn samþykki hana skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Ekki er talin þörf á að grenndarkynna breytinguna með vísun í fyrirbyggjandi umsagnir.

Sveitarstjórn samþykkir að fresta afgreiðslu ofangreindrar deiliskipulagsbreytingar.